

EFTIRLITSSKÝRSLA

Stykkishólmsbær Ögur



Dags eftirlits	20.10.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Sigríður Magnúsdóttir
Fyrirtæki	Stykkishólmsbær	Eftirlitsmaður	Sigríður Magnúsdóttir
Heimili	Hafnargötu 3	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	620269 7009	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Þór Örn Jónsson	ÍSAT nr.	38.21.00
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	370295,874 514886,814

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar. Eitt frávik kom fram við eftirlit er varðar skil á skráningum og hefur rekstraraðili þegar sent inn úrbótaáætlun vegna þessa. Frávik vegna starfsleyfis er kom fram við eftirlit 2019 er enn opið.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í reglubundið eftirlit á urðunarstað Stykkishólmsbæjar við Ögurveg og var umfang eftirlitsins eftirfarandi:

1. Umfang starfseminnar
2. Niðurstöður síðasta eftirlits
3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
4. Staða á starfsleyfisumsókn
5. Skoðunarferð um urðunarstaðina

Á urðunarstaðnum við Ögurveg er urðaður óvirkur úrgangur og molta úr jarðgerð sveitarfélagsins. Urðunarstaðurinn hefur verið án starfsleyfis frá 1. júlí 2018 og hefur starfsleyfisvinnslan tafist töluvert vegna breytinga á skipulagi og vinnu vegna útfærslu á mælingum við urðunarstaðinn.

Við eftirlit árið 2019 komu fram frávik vegna skila á skráningum skv. starfsleyfi og gildistíma starfsleyfisins. Við eftirlit hafði skráningum vegna ársins 2019 ekki verið skilað til Umhverfisstofnunar. Rekstraraðili hefur nú skilað inn úrbótaáætlun vegna þessa og hyggst skila inn skráningum fyrir 1. maí 2020. 1. maí er sá skilafrestur sem gefinn er í 19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs um skil á skýrslu til eftirlitsaðila.

Rætt var um áhættumat til ákvörðunar á tíðni reglubundinna eftirlitsferða, en samkvæmt 57. gr. reglugerðar nr. 55/2003 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit ber Umhverfisstofnun nú að ákvarða tíðni reglubundinna eftirlitsferða út frá kerfisbundnu mati á umhverfisáhættu starfsemi undir eftirliti stofnunarinnar. Samkvæmt áhættumati fyrir 2019 fellur urðunarstaðurinn í flokk B sem gerir eitt reglubundið eftirlit árið 2020. Áhættumat er endurmetið árlega.

Farið var yfir stöðuna á starfsleyfisumsókninni. Fram kom að breyting á aðalskipulagi hefði farið í gegn í desember 2019 en nú strandaði helst á vandamálum við útfærslur á vöktun grunnvatns við urðunarstaðinn.

Farið var í skoðunarferð á urðunarstaðinn. Hlið voru læst og girðingar í lagi. Urðunarstaðurinn er skipulagður, snyrtilegur og ekki tilefni til athugasemda.

Frávik frá

Lýsing á frávik

19. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs

Rekstraraðilar skulu fyrir 1. maí ár hvert skila til Umhverfisstofnunar skýrslu um þann úrgang sem meðhöndlaður var á undangengnu almanaksári sem og um eftirlit með umhverfi og rekstrarþáttum sem geta valdið mengun eða losun út í umhverfið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 23.12.2020

Sigríður Magnúsdóttir

Sigríður Magnúsdóttir